

Festa – Miðstöð um samfélagsábyrgð
Menntavegur 1
101 Reykjavík

Tómas Njáll Möller, formaður stjórnar
Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 18. nóvember 2020

Kæru Tómas og Hrund,

ég vil í tilefni af þátttöku *Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð* í svokölluðum „Hvatningarverðlaunum jafnréttismála“ á vegum Samtaka atvinnulífsins í dag vekja athygli ykkar á afstöðu SA til brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði.

Efling - stéttarfélag hefur á síðustu misserum leitast við að beina sjónum að launaþjófnaði og öðrum brotum sem framin eru á íslenskum vinnumarkaði, sér í lagi gegn verka- og láglaunafólki. Efling hefur fjallað um þær stóru upphæðir sem í húfi eru, en heildarupphæð krafna vegna vangoldinna launa sem Efling hefur unnið á síðustu 5 árum er rúmur milljarður króna. Einnig hefur Alþýðusambandið gefið út tvær nýlegar skýrslur um málið. Hér eru upplýsingar af vefsíðu Eflingar um launaþjófnað vegna yfirstandandi átaks: <https://efling.is/stodvum-launathjofnad/>

Samtök atvinnulífsins hafa ekki ljáð baráttunni gegn launaþjófnaði og annarri brotastarfsemi á vinnumarkaði stuðning. Þvert á móti hafa samtökin stigið fram til varnar fyrir slíka starfshætti. Má þar nefna tilvik þar sem láglaunafólk, sem gripið hafði til þess örþrifaráðs að fara í setuverkfall til að fá laun sín greidd, fékk bréf frá lögmanni SA þar sem þeim var hótað bótakröfu, sektum og viðurlögum. Um málið var fjallað í [Fréttablaðinu](#) 20. október síðastliðinn.

Ég rek fleiri dæmi um áþekka framgöngu Samtaka atvinnulífsins í grein minni „Brotastarfsemi – hagar atvinnurekenda?“ sem birtist í *Morgunblaðinu* þann 23. október síðastliðinn. Á vefsíðu Eflingar má lesa útgáfu af greininni með tenglum á umfjallanir í fréttum um þau tilfelli sem ég geri þar að umtalsefni: <https://efling.is/2020/10/23/brotastarfsemi-hagar-atvinnurekenda/>

Með hliðsjón af þessu langar mig að spyrja hvort Festa telji að framganga Samtaka atvinnulífsins varðandi launaþjófnað og aðra brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði sé í samræmi við hugmyndafræði og viðmið Festu um samfélagsábyrgð og hvort að Festa telji það rétt að leggja nafn sitt við verðlaunaafhendingar á vegum SA.

Afrit sent á stjórnarmenn í Festu og forsvarsmenn aðildarfélaga Festu.

Kveðja,
Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar - stéttarfélags